

Landeldi hf.
Urðarhvarf 8B,
203 Kópavogur

Selfoss, 21.12.2023
UST202311-331/H.M.V.
08.12.02

Efni: Fyrirvaralaust eftirlit þann 30. nóvember 2023 - Landeldi hf., Þorlákshöfn

Þann 30. nóvember sl. fór fram fyrirvaralaust eftirlit í landeldisstöð Landeldis hf. í Þorlákshöfn. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 1.1 í starfsleyfi með vísan í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka [I, II og IV] skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út [sbr. þó 7. gr a og 8. gr.] Óheimilt er að hefja atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út eða hann [skráður samkvæmt ákvæðum reglugerðar sem ráðherra setur skv. 1. mgr. 8. gr.]. Að auki skal allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða. Er því starfsemi innan lóðar á Laxabraut 19 óheimil.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 5. janúar 2024.

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
sérfræðingur